



1. útgáfa 07.07.2018

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

Própíónsýra

Vörunúmer:

9960 1000

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun

Rotvarnar- og sóttreinsiefni (propionic acid).

Notkun sem ráðið er frá

Engar upplýsingar fyrirbyggjandi, sjá hér að ofan.

1.3 Söluaðili:

N1

Framleiðandi: BASF SE

Dalvegur 10-14

D-67056 Ludwigshafen

201 Kópavogur

Þýskaland

Sími:

440 1000

00-49-621-60-0

Netfang:

n1@n1.is

global.info@basf.com

Veffang:

www.n1.is

www.basf.com

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H226	Eldfímur vökvi og gufa	Eldf.vökvi 3
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða	Húðæt.1B
H318	Veldur alvarlegum augnskaða	Augnskað.1
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfarum	SEM-VES 3

Eftirfarandi hættusetningar eiga við neðangreind styrkmörk efnisins

H335	Getur valdið ertingu í öndunarfarum	> = 10%
H315	Veldur húðertingu	10 - < 25%
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	10 - < 25%
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða	> = 25%

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörðunarorð

HÆTTA

Hættusetningar

H226 Eldfímur vökvi og gufa
H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H335 Getur valdið ertingu í öndunarfarum

Varnaðarsetningar

P102 Geymist þar sem börn ná ekki til.
P210 Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
P233 Ílát skal vera vel lukt.
P240 Jarðtengið/spennujafnið ílát og viðtökubúnað.
P241 Notið sprengiheld rafföng/loftræstibúnað/lýsingu.
P242 Notið ekki verkfæri sem mynda neista.
P243 Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafragnni.

P260	Andið ekki að ykkur úða/gufu/ýringi.
P264	Þvoið húð vandlega eftir meðhöndlun.
P271	Notið aðeins utandyra eða í vel loftræstu rými.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlíf/andlitshlíf.
P301+P330+P331	EFTIR INNTÖKU: Skolið munninn. EKKI framkalla uppköst.
P303+P361+P353	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.
P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og látið hann hvílast í stellingu sem léttir öndun.
P305+P351+P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P310	Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.
P363	Þvoið fót, sem óhreinast af efninu, fyrir næstu notkun.
P405	Geymist í lokuðu íláti.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur: Própansýra.

2.3 Aðrar hættur: Ef það á við eru hér rakin atriði sem ekki hafa hlotið flokkun, en geta haft áhrif á heildaráhrif af völdum vörunnar.
Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

Própionsýra			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	> = 99,5
Raðnúmer	607--89-00-0	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	210-176-3	H-setningar	-
CAS	79-09-4	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - H226, Húðæt.1A - H314, Augnskað.1 - H318, SEM-VES 3 - H335			

3.2 Blöndur: Á ekki við.

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni. Flytjið hinn slasaða af hinu mengaða svæði.
Innöndun	Gefið strax kortíkóstera í úðaformi með skammtara. Haldið hinum slasaða rólegum, tryggið ferskt loft og leitið lækni.
Snerting við húð	Hreinsið strax með miklu vatni. Búið um sár með sóthreinsuðum sárabindum.
Snerting við augu	Skolið strax með miklu vatni í 15 mínútur. Haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. Leitið augnlækni.
Inntaka	Skolið munn og gefið 1-2 vatnsglös að drekka. Leitið lækni.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:
Sjá merkingar umbúða og lið 11.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:
Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast eitruðar gufur, (kolmónoxíð), nitroxíð, og hálfbrunnin vetniskolefni.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu.

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði.

Notið persónuhlífar, mælt er með sjálfstæðum öndunarbúnaði og sýrupólum stígvélum.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.

Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Gerðið varnargarða og notið ísogsefni svo sem sand, sag og jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Tryggið góða loftræstingu. Hreinsið mengað svæði með miklu vatni.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist beina snertingu við vöruna.

Fjarlægjið eld- og neistagjafa, hafið slökkvitæki til taks, forðist myndun stöðurafmagns.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.

Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði

áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum

á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Forðist snertingu við basísk efni.

Æskilegt geymsluhastig: <30°C. Hámarksgeymslutími: 36 mánuðir.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Própíónsýra					
Notkunarvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	20,9	mg/kg
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	31	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	62	mg/m3
Neytendur	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	10,5	mg/kg
Neytendur	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	10,5	mg/kg
Neytendur	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	10,5	mg/m3
Neytendur	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	31	mg/m3
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,5	mg/l
Umhverfi	Sjór		PNEC	0,05	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn set		PNEC	1,86	mg/kg
Umhverfi	Sjór set		PNEC	0,186	mg/kg
Umhverfi	Jarðvegur		PNEC	0,1258	mg/kg
Umhverfi	Ósamfelld losun		PNEC	5	mg/l
Umhverfi	Hreinsistöð		PNEC	5	mg/l

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysi.

Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Persónuhlífar



Augnhlífar Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN166), eða andlitshlíf. Notið efnaþolna hliðarhanska, t.d. úr bütýl- eða nítrílgúmmíi, eða klórópren (EN374). Efnisþykkt hanska: 0,4-0,7 mm (verndarstuðull 6, 480 mín gegnstreymistími). Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska. Mælt er með notkun langerma sýruþolins vinnufatnaðar (EN 14605). Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir viðmiðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu) með síu fyrir lífrænar gufur af gerð A (EN 14387).

Húð - annað Öndunarfæri

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Megn
Litur:	Litlaus
pH:	2,5 (100 g/l, 20°C)
Bræðslumark:	-20°C
Suðumark:	141°C
Blossamark:	50,5°C (DIN 51755)
Tendrunarmark:	485°C
Sjálftendrun:	Varan er ekki sjálftendrandi
Lægri sprengimörk í lofti:	10-15°C undir blossamarki
Gufuþrýstingur (20°C):	5 mBar
Eðlismassi við 20°C:	0,993 g/cm ³
Vatnsleysni:	Leysanlegt
Deilistuðull oktanól/vatn (25°C):	0,25
Seigja (20°C):	1,102 mPas
Oxandi eiginleikar:	Nei

9.2 Aðrar upplýsingar:

Sýrufasti (pKa) (20°C):	4,87
Mólmassi:	74,08

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður. Myndar ekki eldfimar gufur í návist vatns.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Hvarfast útvermið við sterka basa.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Basísk efni, óhúðaðir málmar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast eitraðar gufur, (kolmónoxíð), nituroxíð, og hálfbrunnin vetniskolefni.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:	
Innöndun	Nánast engin eiturhrif. Innöndun mettaðrar gufu í lofti, veldur ekki bráðum eiturhrifum.
Húð	Lítill eftir skammtíma snertingu.
Inntaka	Lítill við inntöku í eitt skipti.

Própionsýra					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	3,45	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhif, snerting við húð	LD ₅₀	3,23	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhif, innöndun	LC ₅₀	19,7	mg/l klst	rotta	

Húðæting/erting	Ætandi, veldur ertingu í húð og slímhúðum.
Alavarlegur augnskaði	Veldur alvarlegri ertingu og jafnvel varanlegum skaða.
Næming húð/öndunarfæri	Veldur ekki næmingu.
Stökkbreytingar kímfruma	Neikvætt, engar vísbendingar í tilraunum.
Krabbamein	Neikvætt.
Eitrun æxlunarfæra	Neikvætt.
Eiturrhif á marklíffæri (eitt skipti)	Veldur tímabundinni ertingu í öndunarvegi.
Eiturrhif á marklíffæri (endurtekin)	Engin sérstök, nema æting í vefjum.
Ásvelgingarhætta	Neikvætt.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturrhif: Losið ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Varan er ekki talin skaðleg lífi í vatni. Losun mikils magns breytir sýrustigi.

Própionsýra					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhif	LC ₅₀	>10000 mg/l	96 klst	Fiskar	DIN 38412
Eiturrhif	EC ₅₀	>500 mg/l	48 klst	Daphnia	Tilsk. EB 84/449
Eiturrhif	EC ₅₀	>500 mg/l	72 klst	Lífmassi	OECD 201
Þrávirgni og niðurbrot		74,0%	30 d		
Uppsöfnun í lífverum		Neikvætt			
Dreifanleiki í jarðvegi		Aðsogast ekki			
PBT/vPvB				Uppfyllir ekki viðmið	
Annað				COD 1,52 mg/g	

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Óhreinarn umbúðir Óhreinarn umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinarn umbúðir má endurvinnna.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:
UN Númer 3463
Efnisheiti v. flutninga: PROPIONIC ACID
Hættuflokkur: 8,3
Pökkunarflokkur: II
Jarðgangnaflokkun: D/E
Mengunarahætta: Nei

Varúðarmerking



IMDG:
UN Númer 3463
Efnisheiti v. flutninga: PROPIONIC ACID
Hættuflokkur: 8
Pökkunarflokkur: II
Mengunarahætta: Nei



IATA:
UN Númer 3463
Efnisheiti v. flutninga: PROPIONIC ACID
Hættuflokkur: 8
Pökkunarflokkur: II



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP).
Íslenskar reglugerðir, 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H226	Eldfímur vökvi og gufa
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum

Útgáfa/Dags: 1 / 07.07.2018

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkræðingi, sími 8937135.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

BASF SE
SAFETY DATA SHEET according to 1907/2006/EC, Article 31
PROPIONIC ACID F

Endurskoðað:

14.04.2016 Útgáfa 12.0